

MINNISBLAÐ

Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Efni: Starfsemi skólahljómsveita starfsárið 2022-2023

Reykjavíkurborg rekur fjórar skólahljómsveitir sem þjóna mismunandi svæðum í borginni.

Þær eru:

- Skólahljómsveit Austurbæjar með heimastöð í Laugarlækjarskóla.
- Skólahljómsveit Vesturbæjar og Miðbæjar með heimastöð í Vesturbæjarskóla.
- Skólahljómsveit Árbæjar og Breiðholts með heimastöð í Breiðholtsskóla.
- Skólahljómsveit Grafarvogs með heimastöð í Húsaskóla.

Lagðar eru fram starfsáætlanir allra hljómsveitanna vegna starfsársins 2022-2023. Þátttakendur í starfi skólahljómsveitanna eru um 520 nemendur. Almennt er nemendum skipt upp í þrjár hljómsveitir sem skipt er eftir aldri og getu – A, B og C-sveit, sú síðastnefnda fyrir elstu börnin.

Kennt er samkvæmt aðalnámskrá tónlistarskóla. Nemendur fá einkakennslu í sínu hljóðfæri, oftast í sínum skóla á skólatíma. Mikil áhersla er lögð á samspil og ekki er hægt að stunda nám í skólahljómsveit án þess að taka þátt í hljómsveitaræfingum í viðeigandi sveit miðað við aldur og getu. Allir nemendur þreyta próf á vorin, venjan er að taka svokölluð þrepapróf innan skólans samkvæmt námskrá. Eftir nám í 3-4 ár stendur nemendum til boða að taka grunnpróf skv. námskrá tónlistarskólanna sem framkvæmd eru af prófanefnd tónlistarskólanna.

Stöðugildi eru milli sjö og átta í hverri hljómsveit, að stjórnanda meðtöldum, en fleiri kennarar sinna kennslunni þar sem um mörg hlutastörf á ólík hljóðfæri er að ræða. Stjórnendur hljómsveitanna eru í miklu samstarfi sín á milli og bjóða kennurum sínum upp á endurmenntunartækifæri á sameiginlegum starfsdögum, skipuleggja námsferðir og ýmsa aðra viðburði.

Við allar hljómsveitir eru starfandi öflug foreldrafélög sem aðstoða t.d við skipulag og fjáröflun vegna æfingaferða og æfingadaga og annarrar félagslegrar starfssemi.